REYKHÓLASKÓLI

# Umbótaáætlun - Reykhólaskóli

## Stjórnun og fagleg forysta

| Tækifæri til umbóta | Ábyrgð | Viðmið/Árangur | Gera hvað? Hvenær?<br>**Endurmat; Stjórnun og forysta** verði metið í heild sinni haustið 2021 og niðurstöður mátaðar við viðmið skólans. |
|---|---|---|---|
| ❏ Bæta má upplýsingaflæði til starfsmanna. | Skólastjóri | ● Að **öllum** starfsmönum skólans - bæði á leik- og grunnskólastigi finnist að upplýsingaflæði til starfsmanna sé gott.<br>● Að starfsmenn hafi góð tök á tölvupósti og gagnavörslu og geti nýtt sér alla þá kosti sem Google umhverfið hefur upp á að bjóða. | ❏ Finna leiðir til þess að koma upplýsingum til allra starfsmanna um daglegt starf í skólanum. **Ljúka á vordögum 2019.**<br>❏ Námskeið haldið janúar 2019 fyrir starfsmenn í Google notkun.<br>❏ Starfsmannakönnun vor 2019 |
| ❏ Stjórnandi ætti að vera virkari og sýnilegri í daglegu starfi skólans, meðal nemenda og kennara. | Skólastjóri | ● Að í starfslýsingu skólastjórnenda Reykhólaskóla sé skýrt kveðið á um virkni skólastjóra í starfi skólans.<br>● Að skólastjóri Reykhólaskóla sé virkur og að 90% skólasamfélagsins upplifi hann sem slíkan. | ❏ Endurskoða starfslýsingu skólastjóra. **Ljúka á vordögum 2019.**<br>❏ Gera foreldrakönnun á skólaárinu 2019 til 2020.<br>❏ Skólapúlsinn |
| ❏ Huga að markvissri starfsþróun annars starfsfólks. | Skólastjóri | ● Að í starfsáætlun sé skýrt kveðið á um að haldin séu **starfsmannaviðtöl** þar sem óskir starfsmanna um starfsþróun eru skráðar niður og unnið að.<br>● Að áætlun um starfsþróun annarra starfsmanna sé liður í gerð **starfsþróunarstefnu** skólans.<br>● Að **starfsþróunaráætlun** sé virk og endurskoðuð á hverju ári. | **❏ Endurskoða starfsáætlun vor 2019.**<br>❏ Endurskoða starfsþróunarstefnu skólans m.t.t alls starfsfólks. |
| ❏ Virkja betur alla aðila skólasamfélagsins við stefnumótun og endurskoðun ferla svo sem skólareglna. | Skólastjóri | ● Að skólasamfélagið sé kallað til skrafs og ráðagerða reglulega.<br>● Að í **starfsáætlun** sé skýrt kveðið á um aðkomu skólasamfélagsins að gerð skólareglna og annarra stefnumótandi atriða.<br>● Að **starfsáætlun** skólaráðs sé skýr og að þar komi fyrir allir helstu þættir sem skólasamfélagið taki þátt í að endurskoða.<br>○ Að tryggja að a.m.k **einn fundur skólaráðs sé opinn öllum foreldrum** á hverju skólaári og þá séu endurskoðanir á helstu áætlunum kynntar og öllu skólasamfélaginu gefinn kostur á að hafa áhrif. | **❏ Endurskoða starfsáætlun vor 2019.**<br>**❏ Menntastefna með skólasamfélaginu. Haust 2019** |
| ❏ Gera ætti grein fyrir hvernig unnið er með stefnu skólans í skólanámskrá. | Skólastjóri | ● Að í skólanámskrá sé skýrt kveðið á um það hvernig stefna skólans birtist í skólastarfinu.<br>● Að stefna skólans birtist í starfsháttum starfsfólks og kennara. | ❏ Ljúka endurskoðun á skólanámskrá vorið 2020. |
| ❏ Kynna stefnu skólans og sveitarfélagsins markvisst fyrir öllum hlutaðeigandi. | Skólastjóri | ● Að stefna skólans verði ávallt kynnt að hausti við skólasetningu skólans og rifjað upp hvernig hún birtist í starfi skólans.<br>● Útbúa starfsáætlun skólastjóra til þess að koma í veg fyrir að fastir liðir falli út. | ❏ Setja upp starfsáætlun skólastjóra. **Ljúka vorið 2019** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| ❏ Efla markvisst samstarf við foreldra og auka upplýsingaflæði um skólastarf.<br>❏ Leita mætti meira til foreldra um tillögur og hugmyndir um skólastarf. | Skólastjóri | ● Að í gildi sé **samskiptaáætlun** við foreldra sem stuðli að góðum samskiptum og upplýsingum um skólastarfið.<br>● Að foreldrar upplifi að þeir hafi aðkomu og áhrif á nám barnanna sinna og það endurspeglist í könnunum þannig að 90% foreldra upplifi að þeir hafi aðkomu að námi barnanna sinna. | ❏ Vinna með foreldrum að gerð samskiptaáætlunar skólaárið 2019 til loka árs 2020.<br>❏ Endurskoðun á innra-mati skólans. Lokið vorið 2020. |
| ❏ Huga að leiðum til að veita kennurum faglega endurgjöf á störf sín. | Skólastjóri | ● Að skólstjóri líti á það sem hluta af starfi sínu að veita kennurum faglega endurgjöf.<br>● Að í Reykhólaskóla séu til skýr viðmið um hlutfall fjölbreyttra kennsluhátta.<br>● Að kennarar í Reykhólaskóla geti stutt sig við sjálfsmatstæki sem geri þeim kleift að máta sig við viðmið skólans um hlutfall fjölbreyttra kennsluhátta. | ❏ Setja viðmið um hlutfall kennsluhátta og mat á þeim. Ljúka byrjun árs 2021. |
| ❏ Setja fram áætlanir um hvernig vinna á með niðurstöður um árangur og líðan nemenda. | Skólastjóri | ● Að í skólanámskrá sé skýrt kveðið á um það hvernig brugðist sé við líðan nemenda.<br>● Að í skólanámskrá sé skýrt kveðið á um það hvernig er brugðist við ef vísbendingar séu um að nemendur séu ekki að ná árangir í námi og gripið sé til aðgerða.<br>● | ❏ Ljúka endurskoðun á skólanámskrá vorið 2020. |
| ❏ Finna leiðir til að upplýsa foreldra og nemendur betur um námsárangur. | Skólastjóri | ● Að í gildi sé **samskiptaáætlun** við foreldra sem stuðli að góðum samskiptum og upplýsingum um um námslega stöðu nemenda. | ❏ Vinna með foreldrum skólaárið 2019 til loka árs **2020**. |
| ❏ Meta markvisst þá þróunarvinnu sem er í gangi.<br>❏ Gera framgang þróunarverkefna og umbótavinnu sýnilega öllum í skólasamfélaginu.<br>❏ Virkja alla starfsmanna til að taka þátt í ákvörðunum og framkvæmd þróunarstarfs. | Skólastjóri | ● Að skýrslur um þróunarstarf séu birtar á heimasíðu skóla og í fréttabréfum til skólasamfélagsins alls.<br>● Að þróunarverkefni séu viðbrögð við starfsþróunarsamtölum og faglegum samræðum skólasamfélagsis.<br>● Að upplýsa skólasamfélagið um tilgang og markmið þróunarstarfs. | ❏ **Endurskoða starfsáætlun vor 2019.** |
| ❏ Huga að því að allir sem vinna við skólann í lengri eða skemmri tíma skrifi undir trúnaðaryfirlýsingu. | Skólastjóri | ● Að þeir sem vinna við skólans undirriti ávallt trúnaðaryfirlýsingar og séu þær geymdar í skjalaskáp hjá skólastjóra. | ❏ Vinna hafin við undirskriftir trúnaðaryfirlýsinga; **janúar** 2019.<br>❏ Endurskoða starfsáætlun vor 2019. |

## Nám og kennsla

| Umbætur | Ábyrgð | Viðmið/Árangur | Tímarammi<br>**Endurmat; Nám og kennsla** verði metið í heild sinni veturinn 2021 - 2022 og niðurstöður mátaðar við viðmið skólans. |
|---|---|---|---|
| ❏ Vinna þarf **námsvísa** þar sem markmið og samfella í námi er sett fram opinberlega. | Skólastjóri | ● Að heildstæðir námsvísar í 4., 7. og 10. bekk séu útbúnir og endurskoðaðir annað hvert ár.<br>● Að námsvísar séu leið kennara til að skipuleggja kennslu sína markvisst - og að viðfangsefnum sé raðað á ára-rúllu til þess að koma í veg fyrir að viðfangsefni detti ekki út vegna samkennslu.<br>● Að heildstæðir námsvísar séu greinargóðir vísar sem vísi kennurum veginn við skipulag kennslunnar. | ❏ Endurskoða námsvísa og birta í heild sinn og ljúka sumar 2020.<br>❏ Taka fyrir sjálfsmatsþáttinn **nám og kennsla á skólaárinu 2020 til 2021.** |
| ❏ Markmið náms og kennslu þurfa að vera betur kynnt foreldrum og nemendum. | Skólastjóri | ● Að foreldrum finnist þeir vera virkir þátttakendur í námi barna sinna.<br>● Að samskiptavika heimilis og skóla sé haldin einu sinni fyrir áramót og einu sinn eftir áramót.<br>● Að námsefniskynnig sé haldin á hverju hausti. | ❏ Endurskoða fyrirkomulag samskipa við foreldra - samskiptaáætlun og að koma á samskipta viku. Ljúka haust 2019. |
| ❏ Í kennsluáætlunum þarf að gera grein fyrir hvernig námsaðlögun er háttað. | Skólastjóri | ● Að námsvísar séu skýrir og geri grein fyrir því hvernig námsaðlögun eigi að birtast markvisst í námi nemenda.<br>● Að viðmið um hlutfall kennsluhátta séu skýr og að kennarar átti sig á því hvenær starfshættir teljast vera skapandi og byggi á grunnþáttum aðalnámskrár. | ❏ Endurskoða námsvísa og birta í heild sinn ekki síðar en vor 2020. |
| ❏ Efla árangur nemenda 7. og 9. bekkja á samræmdum könnunarprófum. | Skólastjóri | ● Að nemendur séu virkir þáttakendur í námi sínu og taki þátt í að setja sér markmið um eigið nám.<br>● Að kennsluhættir séu einstaklingsmiðaðir og taki mið af áhuga og hæfileikum hvers og eins.<br>● Að foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna. | ❏ Setja viðmið um hlutfall kennsluhátta og mat á þeim. Ljúka lok árs 202 eða byrjun árs 2021.<br>❏ Endurskoða námsvísa og birta í heild sinn ekki síðar en sumar 2020 |
| ❏ Finna leiðir til að virkja foreldra betur í námi barna sinna. | Skólastjóri | ● Að í gildi sé **samskiptaáætlun** við foreldra sem stuðli að góðum samskiptum og upplýsingum um um námslega stöðu nemenda. | ❏ Vinna með foreldrum að gerð samskiptaáætlunnar skólaárið 2019 til **2020**. |
| ❏ Bæta þarf þátttöku allra nemenda við að vinna með markmið námsins, læra að setja sér markmið tengt hæfni og skipuleggja nám sitt. | Skólastjóri | ● Að námsvísar séu skýrir og geri grein fyrir því hvernig lykilþættir eigi að birtast markvisst í námi nemenda.<br>● Að námsvísar byggi kyrfilega á grunnþáttum aðalnámskrár. | ❏ Endurskoða námsvísa og birta í heild sinn ekki síðar en sumar 2020. |
| ❏ Styrkja trú nemenda á eigin vinnubrögð, m.a. með aukinni þátttöku í markmiðssetningu og mat á eigin árangri. | Skólastjóri | ● Að námsvísar séu skýrir og geri grein fyrir því hvernig lykilhæfni og grunnþættir eigi að birtast markvisst í námi nemenda. | ❏ Endurskoða námsvísa og birta í heild sinn ekki síðar en sumar 2020. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| ❏ Auka samtal og samvinnu nemenda í námi. | Skólastjóri | • Að námsvísar séu skýrir og geri grein fyrir því hvernig lykilþættir eigi að birtast markvisst í námi nemenda. | ❏ Endurskoða námsvísa og birta í heild sinn ekki síðar en sumar 2020. |
| ❏ Sjá til þess að nemendur unglingadeildar hafi val í um fimmtungi námstímans. | Skólastjóri | • Að endurskoða fyrirkomulag **valgreina** reglulega og tryggja að sá tími sem tilgreindur er í viðmiðunarstundatöflu falli í skaut nemenda á unglingastigi.<br>• Að ávallt sé horft til **einstaklingsmiðaðra** þarfa til þess að veita nemendum aðgang að fjölbreyttum valgreinum. | ❏ Endurskoða vor 2019.<br>❏ Setja viðmið um hlutfall kennsluhátta og mat á þeim. Ljúka byrjun árs 2021 |
| ❏ Sjá til þess að nám nemenda skerðist ekki við ferðir í og úr skólaíþróttum. | Skólastjóri | • Að við stundatöflugerð sé þess ávallt gætt að stundatöflur séu nemendamiðaðar. | ❏ Úrbótum lokið, janúar 2019. |
| ❏ Huga að hvað veldur vanvirkni einstaka nemenda. | Skólastjóri | • Að nemendur séu virkir þátttakendur í námi sínu og að kennsluaðferðir séu skapandi og líklegri til þess að ná til nemenda en einhæfar bekkjarkennsluaðferðir. | ❏ Setja viðmið um hlutfall kennsluhátta og mat á þeim. Ljúka byrjun árs 2021 |
| ❏ Efla kennsluhætti þar sem reynir á rökhugsun, gagnrýna hugsun, samstarf og skoðanaskipti nemenda. | Skólastjóri | • Að viðmið um hlutfall kennsluhátta séu skýr og að kennarar átti sig á því hvenær starfshættir teljast vera skapandi og byggi á grunnþáttum aðalnámskrár. | ❏ Setja viðmið um hlutfall kennsluhátta og mat á þeim. Ljúka byrjun árs 2021 |

## Innra mat

| Umbætur | Ábyrgð | Viðmið/Árangur | Tímarammi<br>**Endurmat; Innra mat** verði metið í heild sinni vorið 2020 og niðurstöður mátaðar við viðmið skólans. |
|---|---|---|---|
| ❏ Innra mat þarf að verða samofið daglegu skólastarfi. | Skólastjóri | • Að langtímaáætlanir um innra mat séu settar fram sem hluti af starfsáætlun skólans á hverju ári.<br>• Að skammtímaáætlanir um innra mat séu lýsandi og ítarlegar. | ❏ Endurskoðun á innra-mati skólans. **Lokið vorið 2020.** |
| ❏ Gera þarf mat á kennslu og fagmennsku kennara að föstum lið í innra mati. | Skólastjóri | • Að viðmið um hlutfall kennsluhátta séu skýr og að kennarar átti sig á því hvenær starfshættir teljast vera skapandi og byggi á grunnþáttum aðalnámskrár.<br>• Að kennarar geti nýtt sér sjálfsmatstækini til þess að meta stöðu sína gagnvart þeim viðmiðum sem sett eru.<br>• Að skólastjóri og samkennarar geti aðstoða kennara við að ná markmiðum sínum með því að leggja mat á fagmennsku kennara reglubundið. | ❏ Setja viðmið um hlutfall kennsluhátta og mat á þeim. Ljúka byrjun árs 2020. |
| ❏ Finna góðar leiðir til að afla fjölbreyttra gagna um skólastarf hjá aðilum skólasamfélagsins. | Skólastjóri | • Að gagnasöfnun vegna innra starfs sé fjölbreytt. | ❏ Endurskoðun á innra-mati skólans. **Lokið haust 2020.** |
| ❏ Nýta gögn úr samræmdum árangursmælingum í innra mati. | Skólastjóri | • Að skammtímaáætlanir um innra mat séu lýsandi og ítarlegar. | ❏ Endurskoðun á innra-mati skólans. **Lokið haust 2020.** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| ❏ Hafa fulltrúa allra aðila skólasamfélagsins með í matsteymi. | Skólastjóri | ● Að sjálfsmatsteymi skólans endurspegli skólasamfélagið allt. | ❏ Endurskoðun á innra-mati skólans. **Lokið haust 2020.** |

# 2019

| **Mars** | **Apríl** | **Maí** | **Júní** | **Júlí** | **Ágúst** | **September** | **Október** | **Nóvember** | **Desember** | **Janúar** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ● Endurskoða upplýsingaflæði til starfsmanna skólans.<br>● Skólapúlsinn foreldrakönnun | ● Endurskoða starfslýsingu skólastjóra. | ● Endurskoðun á námsvísum hefst | ● Endurskoðun á starfsáætlun | ● Endurskoðun á starfsáætlun | ● Endurskoða starfsþróunar áætlun<br>● Starfsáætlun skólastjóra | ● Endurskoða skólanámskrá vinna hefst.<br>● Hefja vinnu við samskipta áætlun með foreldrum.. | | | | |

# 2020

| **Mars** | **Apríl** | **Maí** | **Júní** | **Júlí** | **Ágúst** | **September** | **Október** | **Nóvember** | **Desember** | **Janúar** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ● Endurskoðun á innra mati. hefst.<br>● Hlutfall kennsluhátta - setja viðmið og ákveða matsaðferðir. | | ● Endurskoðaðir námsvísar tilbúnir.<br>● Endurskoðuð skólanámskrá tilbúin. | | | ● **Innra mat** endurskoðað.<br>○ **Nám og kennsla.** Innra-mat - tekinn ítarlega fyrir | | | ● Hlutfall kennsluhátta - viðmið og mat - tilbúið.<br>● Samskiptaáætlun tilbúin. | | |